

# Félagsmiðstöðin Boran

Sveitarfélagið Vogar  
Sumar 2017

## Gleðilegt sumar!


Eins og síðustu sumar mun félagsmiðstöðin Boran ásamt fleirum bjóða uppá fjölbreytta dagskrá.

Allar frekari upplýsingar fást í félagsmiðstöðinni á milli klukkan **09:00 og 14:00** alla virka daga.



Félagsmiðstöðin Boran  
Hafnargötu 17-19  
Sími: 440-6224

**Sveitarfélagið  
Vogar**



- Vinnuskólinn
- Leikjanámskeið í júní og ágúst
- 17. júní
- Golfnámskeið
- Fótboltaskóli

## Meðal annars í bækling:

- Fréttir úr félagsstarfi unglinga
- Fréttir úr félagsstarfi eldri borgara
- Sumaropnun íþróttamiðstöðvar
- Fréttir frá Þrótti



## Sumarið er tíminn

Nú er sólin farin að hækka á lofti og sumarið á næstu grösum. Sumarið er skemmtilegur tími bæði fyrir börn og fullorðna og tilvalið tækifæri til að skapa margar skemmtilegar minningar.


Í Sveitarfélaginu Vogum er ýmislegt skemmtilegt að gerast í sumar, m.a má nefna 17. júní skemmtun og Fjölskyldudagana sem verða helgina 18.-20. ágúst. Segja má að það sé stærsti viðburður Sveitarfélagsins.

Vinnuskólinn verður einnig á sínum stað ásamt leikjanámskeiðum, golfnámskeiðum og fótboltnámskeiðum.

Sumarið getur verið mikill umbreytingartími í lífi ungs fólks. Það er því mikilvægt að viðhalda reglu og að við hin fullorðnu fylgjumst með því sem börnin og unglíngarnir eru að fást við. Sá tími sem fjölskyldan ver saman er í senn dýrmætur og skemmtilegur.

Höfum gaman saman sumarið 2017.

Sumarkveðja,  
starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar



# Leikjanámskeið



## Skráning hafin!

4 daga námskeið 8.650 kr

5 daga námskeið 10.820 kr

Í sumar verða starfrækt leikjanámskeið Borunnar fyrir börn fædd 2012 og í 1.-3.bekk í grunnskóla. Heilsdagsnámskeið eru í boði sem standa frá kl. 9-16. Í boði eru fjögur námskeið í júní og tvö námskeið í ágúst. Námskeiðin verða eftirtaldir vikur:

**6.-9. júní,**  
**12.-16. júní,**  
**19.-23. júní,**  
**26.júní-30.júní,**  
**8.-11. ágúst og**  
**14.-18. ágúst.**  
Aðeins ágústnámskeið eru í boði fyrir börn fædd 2012. Fjölbreytt og skemmtileg dagskrá verður í boði. Markmið námskeiðanna er að börnin kynnist sem flestum útileikjum og

verði virkir þátttakendur í þeim og hafi gaman af. Einnig er markmiðið að þátttakendur fái uppbyggileg og þroskandi verkefni. Börnin skulu ávallt vera klædd eftir veðri, því skjótt skipast veður í lofti. Umsjónamaður leikjanámskeið-

Skráning og greiðsla fer fram í Íþróttamiðstöð á opnunartíma hennar.

Vinsamlegast athugið að 24 pláss eru á hverju nám-skeiði.

**Lágmarks fjöldi er 7.**

Frekari upplýsingar fást í félagsmiðstöð og í síma 440-6224.

## Nesti, klæðnaður og dagskrá

Börnin þurfa að koma með morgun- og miðdegisnesti. Þátttakendur fá léttan hádegisverð sem er innifalinn í námskeiðsgjaldinu. Starfsfólk

leggur mikið upp úr því að nesti barnanna sé hollt og gott. Starfsfólk vinnur að skipulagningu leikja með börnunum. Farið verður í gönguferðir,

kynnisferðir, fræðsluferðir, sundferðir og margt fleira. Ef illa viðrar gæti þurft að breyta fyrirfram ákveðinni dagskrá og þá leikum við inni.



# Golfnámskeið

## Golfnámskeið hjá Golfklúbbi Vatnsleysustrandar.

Boðið verður upp á félagsmenn í GVS golfnámskeið fyrir börn í sumar á golfvelli GVS við Kálfatjörn.

Námskeiðin verða 2 og verða á eftirtöldum tímum.  
6.-9.júní.  
12.-16.júní.

Kennt verður mánudaga til fimmtudaga frá kl. 09:00 - 12:00.

Afrekskylfingar frá Golfklúbbum Keili verða leiðbeinendur á námskeiðunum.

Þáttökugjaldi er stillt í hóf. Innifalið er hádegishressing og drykkur. Einnig verða krakkarnir

og geta því komið og spilað golf eftir námskeiðið.


Námskeiðið er ætlað börnum á aldrinum 7 - 13 ára. (fædd 2004-2010)

Verð:  
Einstaklingur 10.000  
Systkin 17.000

Ef farið er á bæði námskeiðin:

Einstaklingur 17.000  
Systkin 34.000  
Greitt er fyrir námskeiðið í golfskála í byrjun námskeiðs.

Skráning og nánari upplýsingar í síma 424-6529.



**GOLFKLÚBBUR**  
VATNSLEYSUSTRANDAR  
STOFNAÐUR 1991



# Vinnuskólinn 2017

- Vinnuskólinn
- ◆ Hefur aðsetur í áhaldahúsi, Iðndal 9.
- ◆ Unnið er frá kl 08:30-15:30 mánudaga til fimmtudaga. Ekki er unnið á föstudögum.
- ◆ Vinnuskólinn er vímuefnalaus

## Fyrir unglinga fædda 2001,2002 og 2003

Eins og undanfarin ár verður vinnuskóli Sveitarfélagsins Voga starfræktur í sumar.

Þar gefst unglingum í 8. - 10. bekk tækifæri á vinnu yfir sumartímenn.

8.-10. bekkur fær 10 vikur í vinnuskólanum

Tímabil vinnu: 6. júní til 18. ágúst

**Frí verður í vinnuskólanum vikuna 10. -14. júlí.**



## Frekari upplýsingar

Unglingar fæddir 2003 þurfa að fara á bæjarskrifstofuna til að fylla út eyðublað vegna persónuafsláttar. Umsjónarmaður vinnuskólans er Vignir Friðbjörns-

son, forstöðumaður umhverfis og eigna. Sími 893-6983. Ábyrgðarmaður vinnuskólans er Stefán Arinbjarnarson, frístunda- og

menningarfulltrúi. Sími: 867-8854. Einnig er hægt að fá frekari upplýsingar í félagsmiðstöð í síma 440-6224.



# Knattspyrnuskóli Þróttar Vogum 2017

## Fyrir stráka og stelpur!

Námskeið fyrir krakka í knattspyrnu.

1.-3.bekk og 4.-7.bekk verður dagana 6.-8.júní og 13.-15. júní. (Þri til fim x2)

1.-3.bekk kl 10:00-12:30 og 4.-7.bekk kl 13:00-15:30.

Krakkarnir þurfa að hafa með sér hollt nesti og vera klædd eftir veðri.

Þróttur Vogum spilar í 3. deildinni annað árið í röð eftir að hafa tryggt sig upp um deild með eftirminnilegum hætti haustið 2015.

Þjálfari meistaraflokks er Brynjar Gestsson Hafnfirðingur og tók hann við liðinu eftir síðasta tímabil. Undirbúningstímabilið hefur gengið vel og er markmiðið að byggja upp lið til framtíðar.

Verð fyrir námskeið er kr 11.000 og í lok námskeiðs fá allir viðurkenningu, pizzaveislu og glaðing frá KSÍ. 50% afsláttur er á næsta systkyni. Áhersla er lögð á að þátttakendur fái verkefni við hæfi. Farið verður í grunnþætti knattspyrnunar og leikgleði höfð í fyrirrúmi.

## Fyrstu þrjú leikir Þróttar í 3. deild 2017:

Berserkir- Þróttur V fö 12. maí kl.20 á Víkingsvelli.

Þróttur V-Einherji lau 20. maí kl.14 á Vogabæjarvelli.

Kári - Þróttur V fim 25. maí kl.16 Akraneshöllin.

Skilaboð frá Binna þjálfara og Palla fyrirliða. Eftir sigurleiki á heimavelli tökum við sigurhring saman í

Dagskráin er brotin upp reglulega, farið í ferðir og auk þess heimsóknir frá þekktu knattspyrnufólki.

Brynjar Gestsson yfirþjálfari og meistaraflokksþjálfari Þróttar er skólustjóri Knattspyrnuskóla Þróttar. Einnig munu leikmenn meistaraflokks Þróttar kíkja í heimsókn og vera með skemmtilegar knattþrautir fyrir alla.

## Skráning hefst 18.maí



klefanum strax eftir leik. Við erum fyrirmyndir og börn á aldrinum 8 ára og eldri er velkomið að taka þátt í stemmningunni með okkur.

Þróttur Vogum hafnaði í fimmta sæti á síðasta ári með 27. stig.

Við hvetjum alla Vogabúa til að fjölmenna á leikina í sumar.



# Foreldrafélag Þróttar og Tippklúbburinn

Foreldrafélag Þróttar hefur skilað öflugu starfi síðustu árin. Því miður hefur ekki tekist að manna stjórn að undanfögnu og óskar því Þróttur eftir fólki sem er tilbúið að taka sæti í stjórn foreldrafélags. Hægt er að hafa samband við starfsmann félagsins í síma 892-6789 eða á netfangið [throttur@throttur.net](mailto:throttur@throttur.net).

Tippklúbburinn hefur slegið í gegn síðustu árin og hefur svo sannarlega sett mark sitt á mannlífið í Vogunum.

Það er fjöldi manns sem tekur þátt í starfinu og hápunkturinn er getraunakaffið á laugardögum.

Starfið er komið í sumarhlé og byrjar aftur næsta haust.



## Skráningar sumarið 2017

Æfingatafla fyrir knattspyrnuæfingar hjá yngriflokkum Þróttar á Vogabæjarvelli verður birt 25. maí nk.

Sund og júdó fara í sumarhlé 30. maí og æfingar hefjast aftur að fullu næsta haust.

Fyrir ykkur sem eruð ekki á facebook þá er Þróttur með heimasíðu: [www.throttur.net](http://www.throttur.net)

Alltaf nýjar fréttir og þær gömlu fara aldrei neitt!!! Starfsárið 2017-2018 verður kynnt með bækling á heimasíðu UMF. Þróttar og kemur út fyrir 29. ágúst nk. Stöndum nú saman öll sem eitt og eflum félagið okkar—því án stuðnings bæjarbúa getur félagið ekki vaxið.

# Álfagerði

## Kæru Vogabúar

Nú er komið að sumarlokum félagsstarfsins í Álfagerði. Dagskráin hefur verið fjölbreytt í vetur. Félagsvistin hefur verið á sínum stað á miðvikudögum, boccia, leikfimi, þorrablót, sviðaveisla, pizzakvöld,

kótilettukvöld, ýmsar heimsóknir og fleira. Við ætlum að loka vetrarstarfinu 26. maí með pútti og grillveislu.

Farið verður í sumarferð dagana 30. maí - 1.júní austur á land þar sem gist verður á Gistihúsinu Egilsstöðum.

Hádegismatur verður áfram í sumar.




## Leikskólinn Suðurvellir

Foreldrafélag leikskólans sinnir mikilvægu starfi fyrir börn leikskólans. Í byrjun maí var farið í árlega sveitaferð leikskólans, að þessu sinni var farið að Bjarteyjarsandi í

Hvalfirði og var mikið fjör eins og fyrri ár. Einnig er í júní sumarhátíð leikskólans og sér foreldrafélagið um skemmtiatriði á þeirri frábæru hátíð. Við í foreldrafélagi leikskólans óskum öllum

gleðilegs sumars.



## 17. júní

Kvenfélagið Fjóla, Lionsklúbburinn Keilir og Sveitarfélagið Vogar ætla að halda sameiginlega skemmtun á 17. júní.

Kaffihlaðborð, hoppukastalar, leikir verða m.a á dagskrá. Nánari dagskrá auglýst síðar.





# Umhverfisvika Sveitarfélagsins Voga 2017

## Vertu til er vorið kallar á þig !



Vorið er komið og grundirnar gróa. Þá er ráð að taka til við vorverkin í garðinum og nánasta umhverfi. Umhverfisvika Sveitarfélagsins Voga er sem fyrr haldin undir slagorðinu „Vertu til er vorið kallar á þig!“, en það vísar til þess að allir íbúar sveitarfélagsins taki höndum saman um að gera fallegan bæ snyrtilegan fyrir sumarið. Umhverfisvikan hefst mánudaginn 22. maí og endar þann 29. maí, þannig að það er rúmur tími til góðra verka.

- Hægt er að losa jarðveg og garðúrgang á jarðvegstípp við Iðndal 9.
- Ruslapokar sem skildir eru eftir við lóðarmörk verða teknir hjá þeim sem þá þjónustu þurfa. Vinsamlegast gangið vel og snyrtilega frá pokum. (pokar með garðaúrgang)
- Íbúar á Vatnsleysuströnd eru beðnir um að hafa samband við skrifstofu og óska eftir því að pokar verði hirtir.
- Gámur fyrir spilliefni s.s. rafgeyma er staðsettur á gámasvæðinu.
- Mjög mikilvægt er að flokka allt rusl, járnarusl sérstaklega. Einnig verður boðið uppá að fjarlægja járnarusl s.s. bílhræ eða annað sambærilegt. Hafa verður samband við skrifstofu og biðja um að fjarlægja járnarusl. láta
- Opnunartími gámasvæðis Kólku við höfnina



Þriðjudaga 17-19


Fimmtudaga 17-19

Föstudaga 17-19

# Félagsmiðstöðin Boran

Félagsmiðstöðin Boran fór af stað í september. Unglingaráð hefur verið starfandi og tekur þátt í ýmsum viðburðum. Við byrjuðum á því nú í vetur að síðasta miðvikudag í mánuði er opið fyrir hugmyndir að dagskrá næsta mánaðar og hefur það gengið mjög vel hjá bæði yngri og eldri krökkunum og er dagskrá hvers mánaðar sett upp eftir þeirra hugmyndum þannig að í Borunni hefur verið fjölbreytt og skemmtilegt starf fyrir unglunga í 6.-10. bekk í vetur. Sem dæmi má nefna hrekkjavökuball, brjóstsykurgerð, bingó, andvökunótt, fatasund, leiki í íþróttahúsinu, verið með ýmiskonar þemu í gangi, haldið mót í t.d. pool, borðtennis, Gítar Hero og margt fleira. Einnig höfum við boðið 5. bekkinga velkomna til okkar fyrsta miðvikudag í mánuði með 6.-7. bekk og hefur það gengið mjög vel og ætlum við að halda þeirri hefð áfram. Við tókum einnig þátt í viðburðum á vegum SamSuð og Samfés, t.d söngkeppni sem hún Harpa Sóley tók þátt í fyrir okkar hönd og stóð sig mjög vel. Fórum á nokkur böll eins og á Grunnskólahátíðina, Hæfileikakeppni í Reykjanesbæ, Söngkeppni á Álftanesi og að sjálfsgöðu fórum við á Samfés.

Ungmennaping var haldið í félagsmiðstöðinni þar sem stofnað var ungmennaráð. Tilgangur þingsins var að fá hugmyndir frá ungu fólki um málefni sem þau varða. Þetta er vettvangur ungmenna til að koma saman og ræða ýmis mál, hvað má gera betur og hverju má breyta. Ungmennaráð hittist einu sinni í mánuði og fór í verkefnavinnu sem gekk mjög vel, komu margar hugmyndir fram og fóru þau með sínar hugmyndir og kynntu þær fyrir bæjarstjóra og bæjarstjórn. Ekki má gleyma stórglæsilegum árangri Stóru-Vogaskóla í Skólahreysti, Komust í úrslitakeppnina annað árið í röð og lentu í 6. sæti, stórkostlegur árangur. Starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar þakkar ánægjulegt og gefandi samstarf í vetur.



## Myndir úr félagsstarfi eldri borgara í Álfagerði



## Myndir úr félagsstarfi unglunga í Borunni








## Sumaropnun Íþróttamiðstöðvar 2017

Í sumar verður Íþróttamiðstöðin opin sem hér segir:

mánudaga-föstudaga 08:00 -21:00  
laugardaga og sunnudaga 10:00 -16:00

Sumaropnun gildir frá 1. júní – 20. ágúst

Sími: 440-6220



*Ábyrgðaraðili bæklings: Félagsmiðstöðin Boran*